

Haraldur Pálsson



Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins til næstu þriggja ára.

Undanfarin ár hef ég öðlast yfirgripsmikla reynslu á sviði fjármála og lífeyrismála, bæði sem fjármálaráðgjafi, framkvæmdastjóri og sjálfstætt starfandi ráðgjafi í stefnumótun og fjármálum. Frá árinu 2022 hef ég setið sem varamaður í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins og hef þar áður gegnt stjórnarstörfum í ýmsum félögum frá unga aldri.

Menntun mín er fjölbreytt og styður vel við þá ábyrgð sem felst í stjórnarstarfi lífeyrissjóðs. Ég útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2015 og sem tölvunarfræðingur frá sama skóla árið 2017. Einnig lauk ég verðbréfaréttindum árið 2021 og stýrimannsnámi frá Tækniskóla Íslands árið 2010.

Mikilvægt er að stjórnendur lífeyrissjóða búi yfir ábyrgðartilfinningu, skilningi á langtímafjárfestingum og getu til að gæta hagsmuna sjóðsfélaga með markvissri áhættustýringu þar sem kostnaðarvitund er í forgrunni. Með þetta að leiðarljósi óska ég eftir stuðningi til að vinna áfram fyrir sjóðsfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins.